



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2019

VETÆ2VE03

Kennari:	Borgþór Helgason	Sk.st.	BH
-----------------	-------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing

Nemendur skulu öðlast innsýn í og skilning á framkvæmd þeirra verka, innan faggreinar sinnar, sem við munu blasa þegar komið er út í atvinnulífið. Unnið er með forritið Viðhaldsstjórn og læra nemendur að umgangast og vinna með það í flóknum framkvæmdum.

Undanfari: VFR 222, AVV 304 Samhliða: VFR 322, AVV 403 Æskileg námsönn: 6.

Þekkingarviðmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja:

- gerð verkáætlana
- hönnun verkferla og samþættingu þeirra við gæðakerfi, þegar um endurtekin verk er að ræða
- ákvörðun á vinnsluröðun einstakra verkþátta með tilliti til:
 - hámarksvinnsluhraða einstakra verkeininga og verks í heild
 - vinnuöryggis
 - umhverfissjónarmiða
 - helstu staðla um efni og vinnslu
- uppbyggingu viðgerðahandbóka helstu framleiðenda vélbúnaðar
- nauðsyn faglegra samskipta við vinnuveitanda og verkkaupa í ljósi þess að fagmaður
- er fulltrúi fyrirtækis gagnvart viðskiptavinum
- nauðsyn eftirfylgni að verki loknu

Leikni viðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa verkáætlun um tiltekið smíða- eða viðgerðaverkefni:
- skilgreina verkefni skýrt og skiljanlega
- skipuleggja gagnaöflun

- raða upp í vinnsluröð (beiting rökhugsunar og flæðirita)
- hanna verkferli fyrir tiltekinn verkhluta, með áherslu á val efnis og verkfæra, ásamt áætlun um mannafla- og verktímapörf
- nýta sér töflubækur, viðgerðahandbækur, leiðbeiningar hverskonar og annað skrifað efni sem fánlegt er um tiltekið verk eða verkefni
- vinna skipulega eftir verkáætlun og verkefnisáætlun
- eiga samskipti við verkkaupa á tæknilegum grunni

Skilyrði fyrir því að þessum áfanga sé náð, er að nemendur ljúki við gerð verkefna og skili fagbóklegum verkefnum. Verklek verkefni 60%. Fagbókleg verkefni 20%. Umgengni 10% Ástundun 10%.